IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 / 778
komudagur 8 / 1 1993

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.

13.030 7. janúar 1993

Varðar: **Frumvarp til lánsfjárlaga.**

1. Hitaveita Suðureyrar.

Samningar hafa staðið yfir um kaup Orkubús Vestfjarða á Hitaveitu Suðureyrarhrepps. Rekstur veitunnar hefur ávallt gengið erfiðlega og er talið að eina leiðin til þess að tryggja hann í framtíðinni sé að Orkubúið yfirtaki hitaveituna.

Suðureyrarhreppur hefur óskað eftir samningum um yfirtöku ríkissjóðs á hluta skulda hitaveitunnar er fordæmi er fyrir því að slíkar yfirtökuheimildir hafi verið settar í lánsfjárlög.

Því er óskað eftir því að eftirfarandi grein verði sett í lánsfjárlög 1993:

> "Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar í tengslum við sölu hreppsins á hitaveitunni til Orkubús Vestfjarða."

2. Bæjarveitur Vestmannaeyja.

í 5. gr. frumvarpsins er ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð allt að 12 mkr. fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja vegna skuldbreytinga eldri lána. Fjárhæð þessi var fundin á s.l. sumri.

Vegna endurskoðunar eldri áætlana og gengisbreytinga hefur fyrirtækið óskað eftir því að fjárhæðin verði hækkuð úr 12 milljónum króna í 16,2 milljónir króna. Er mælt með því að við þeirri ósk verði orðið.

D 497 Gutenberg

3. Hitaveitur.

Með samkomulagi fjármálaráðherra og eignaraðila Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar dags. 3. júlí 1987 yfirtók undirbúningsfélag v/ Orkubús Borgarfjarðarhéraðs hluta af skuldum hitaveitunnar. Í samkomulaginu var ákvæði um að ef fjárhagslegur ávinningur af stofnun orkubúsins sé ekki í samræmi við afborgunarskilmála af láni sem eignaraðilar stofnuðu til vegna yfirtökunnar skuli samningsaðilar hefja viðræður um greiðslur afborgana og vaxta. Fyrstu afborganir af láninu eru á árinu 1993.

Þegar hefur verið óskað eftir viðræðum um greiðslurnar, en þær eru ekki hafnar.

Fleiri " dýrar" hitaveitur hafa óskað eftir fjárhagslegri aðstoð ríkissjóðs og verða viðræður við forsvarsmenn þeirra hafnar á næstunni.

f. h. r.